

Ed.

355. Frumvarp til laga

[171. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 19 5. apríl 1971.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson.

1. gr.

Í stað fyrri málsliðar síðustu málsgreinar 15. gr. laganna komi:
Í reglugerð má ákveða, að þeir, sem njóta tekjutryggingar skv. l. nr. 67 1971, verði undanþegnir afnotagjöldum. Ráðuneytið skal auglýsa eftir umsóknum skv. þessari heimild, þannig að allir eigi jafnan kost á undanþágum þessum, hvar sem þeir búa á landinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í nógildandi útvarpslögum er heimild til að undanþiggja þá afnotagjöldum sjónvarps og hljóðvarps, sem njóta uppbótar á elli- og örorkulífeyri skv. lögum um almannatryggingar.

Þessi uppbót var á sínum tíma viðbót við venjulegan lífeyri og til komin fyrir gildistöku hinnar svokölluðu tekjutryggingar.

Sú reglugerð, sem um er getið í 15. útvarpslaga, miðar við þá eina, sem hljóta sérstaka uppbót á lífeyri ofan á tekjutrygginguna vegna erfiðra aðstæðna, og þarf að sækja um þá uppbót og rökstyðja hana rækilega, svo sem eðlilegt er. Reglugerðartúlkunin er alfarið bundin við þetta fólk, þannig að fólk með tekjutrygginguna eina fær hér enga ívilnun, þó segja megi, að skv. lögnum um almannatryggingar frá 1963 sé um margt um hliðstæða aðila að ræða: tekjutryggingarfólkið nú og þá sem fengu sérstaka uppbót á sinn venjulega lífeyri þá.

Fólk, sem aðeins hefur tekjutrygginguna í dag, er ekki ofhaldið af sínum árs-tekjum og þessi gjöld eru því býsna tilfinnanleg.

Einhver ívilnun af hálfu hins opinbera á þessu sviði getur vart talist ofrausn.

Sjónvarp og hljóðvarp eru þessu fólki mikilvægari en mörgum okkar, sem erum stöðugt á vettvangi í hringiðu daglegs lífs. Þau eru áhrifamikil tæki oft á tíðum til þess að rjúfa þungbæra einangrun frá umhverfinu, jafnt í bæ sem sveit.

Flm. þykir því sjálfsgagt að heimild verði veitt í lögum og nánari ákvæði skv. því í regluerð, að þeir, sem tekjutrygginguna eina hafa til að lifa af, verði undanþegnir að einhverju eða öllu leyti þessum gjöldum, og þykir það meira í samræmi við þá hugsun, sem fólst að baki upphaflegri lagaheimild en túlkun reglugerðarinnar í dag þar um.

Í dag er um takmarkaðan hóp að ræða, sem nýtur góðs hér af, einkum og sér í lagi úti á landsbyggðinni, þar sem undanþágur þessar eru víða nær óþekktar af ástæðum, sem nánar munu raktar í framsögu.

Flm. telja, að fenginni slæmri reynslu af undanþágum þessum víða úti á landi, þar sem þeir fáu, sem njóta ættu, athuga ekki rétt sinn, að ráðuneytið skuli auglýsa þegar eftir setningu reglugerðar hér um eftir umsóknum um undanþágurnar.

Enn er upplýsingaþjónusta trygginganna langtum lakari víða úti á landsbyggðinni en hér í Reykjavík og full ástæða til að tryggja það, að sem mest jafnrétti náist á þessu sviði.

Það verður best gert með beinni auglýsingu frá hálfu ráðuneytisins eða ef það felur viðkomandi stofnun að annast það. Einnig kæmi til greina sérstök upplýsinga-skylda Tryggingastofnunar ríkisins um þetta tiltekna atriði.

Varðandi undanþágur sem þessar er oft talað um hættu á misnotkun. Sú hætta er hvarvetna fyrir hendi, en í flestum tilfellum ætti hér að vera auðvelt að ganga úr skugga um réttmæti eða ekki.

Í raun er hættan engu meiri með þessari rýmkun en skv. nógildandi heimild. Kjör þessa fólks, sem hefur tekjutryggingu eina til lífsframfæris, eru þau, að undanþága frá þessum gjöldum ætti að vera sjálfsgöð.

Samfélagið á að koma til móts við þetta fólk þar sem þess er kostur og á þeim sviðum þar sem þörfin er brýn. Allt, sem þokar á einhvern hátt burtu einmanaleik allt of margra úr þessum hópi, telst til brýnustu samfélagsþarfa þessa fólks.

Því er lagt til, að heimild þessi verði rýmkuð, svo fleiri njóti hér góðs af.

Verði talið um mikið tekjutap að ræða fyrir viðkomandi stofnun er sjálfsgagt frá hálfu flm. að finna þar á einhverja lausn.